



*Sjálfstæðisflokkurinn óskar Hafnfirdingum
gledilegra jóla og farsældar á komandi ári*

Kæru Hafnfirðingar

Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar



Óskum Hafnfirðingum gleðilegra jóla



Fjarðargriót ehf.



Vélsmiðja ORMS & VÍGLUNDAR ehf.



Fögnum hátíð ljóss og friðar

Hugleiðingar um jól

Hver árstíð, hver stund, á sér sinn stað. Við fögnum nýju ári, nýju ári þar sem við setjum okkur ný markmið, við fögnum vorinu þar sem gróandinn, birtan, fuglasöngur og væntingar yfir fallegum sumardögum, með öllum sínum ævintýrum, fylla hjarta okkar. Þegar húma tekur að hausti taka við annasamir dagar, skólar hefjast, vinir hittast og ævintýri sumarsins eru rædd. Þar ræður gleðin ríkjum. Þá er komið að vetri konungi að minna á sig, á stundum með dimmum og drungalegum dögum, en þó samt svo oft stjörnuþjörtum kvöldum, stilltum vetrarveðrum, þar sem norðurljósinn sveiflast litfögur í himinhvolfi. En einn er sá tími ársins sem við gjarnan fögnum, gleðistund, hátíð ljós og friðar – blessuð jólin. Og þó svo að jólin kunni einnig að vekja upp ljúfsárar minningar er gott að geta sótt styrk og fagnað fæðingu frelsarans og tileinka okkur þann góða boðskap sem kristin trú hefur fært okkur, mann fram manni, öld eftir öld. Boðskap sem við Íslendingar viljum standa vörð um og fylgja. Í kristinni trú liggur farvegur menningar okkar Íslendinga og þannig hefur það verið um aldir. Við viljum byggja upp þjóðfélag þar sem umburðarlyndi og mannkær-



leikur skal vera í fyrirrúmi. Við viljum að allir fái haldið reisn sinni, ungir sem aldnr. Við viljum réttlátt og sanngjarnt þjóðfélag þar sem hugað er að okkar minnstu bræðrum. Jólin eiga að vera friðelskandi stundir. Stundir þar sem ættingjar

og vinir hnýta bönd tryggðar og væntumþykju. Látum það ekki trufla okkur að jólahald í dag er ef til vill með öðrum hætti en fyrir einhverjum árum eða áratugum. Tímarnir breytast, en sanna vináttu og gleði má finna á hverju heimili

þar sem fæðingu frelsarans er fagnað með vinarþeli og trú á hið góða í okkur öllum.

*Gleðilega jólahátíð.
Magnús Gunnarsson fyrrverandi
bæjarstjóri*

Vorboði 80 ára



Kvenfélag Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði hélt upp á 80 ára afmæli félagsins á árinu. Við það tilefni voru nokkrir fyrrverandi formenn félagsins heiðraðir. Frá vinstri: Helga Magnúsdóttir núverandi formaður, Elísabet Valgeirsdóttir, Erna Mathiesen, Kolbrún Jónsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og Halldóra Björk Jónsdóttir.



Helena Hauksdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Tinna Hallbergsdóttir, Sigrún Gísladóttir og Oddný Ármannsdóttir fögnuðu tímamótunum í starfi Vorboðans.



Anna Björk Guðbjörnsdóttir, Vala Pálsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason og Kolbrún Þorsteinsdóttir.



Bryndís Haraldsdóttir, Kristín Thoroddsen, Þórunn Christiansen, og Elísabet Valgeirsdóttir

Bæjarbíó blómstrar



Blómleg starfsemi í Bæjarbíói hefur glætt bæinn lífi.



Jói P og Króli eru á meðal þeirra sem troðið hafa upp í Bæjarbíói á síðustu mánuðum.



Páll Eyjólfsson rekstraraðili Bæjarbíós segir stefnt að því að auka enn frekar framboð menningarviðburða í húsinu.

Það er óhætt að segja að starfsemi Bæjarbíós undanfarin misseri hafi glætt bæinn lífi og haft mikla þýðingu fyrir að auka framboð á menningu og skemmtilegum viðburðum í Hafnarfirði. Páll Eyjólfsson annar rekstraraðilanna segist í skýjunum með þau góðu viðbrögð sem starfsemin hefur fengið.

„Allt frá fyrsta degi hefur aðsóknin verið mjög góð og fyrir það erum við þakklát sem stöndum að rekstrinum. Það hefur líka gefið okkur tækifæri til að bjóða upp á fjölda viðburða,“ segir Páll.

„Um þessar mundir er liðið ár síðan við fengum lykjavöldin og á þeim tíma hafa á annan tugþúsunda gesta komið í Bæjarbíó. Stefna okkar ásamt bænum um að gera Bæjarbíó aftur að sterku Menningarhúsi Hafnarfirðinga er því á fullkomlega réttu leið. Aðkoma bæjaryfirvalda, ferða- og menningarmálanefndar og starfsmanna Hafnar-

fjarðarkaupstaðar sem að verkefninu koma er ómetanleg og sýnir skýrt að samvinna aðila er nauðsynleg í menningarlegu tilliti.“

Er kominn vísir að dagskránni á næsta ári í Bæjarbíói?

„Já það er byrjað að bókast vel inn á árið og nú þegar búið að staðfesta um 50 viðburði árið 2018. Má þar t.d. nefna hljómsveitina Nýdönsk sem verður á þrettándanum, Valdimar, Papa, Agent Fresco, Sverri Bergmann og Halldór Gunnar með föstudagslögin, Hellisbúinn verður aftur með sýningar í febrúar, Magnús og Jóhann, Hjálmar, Mannakorn, Mið-Ísland, Agent Fresco, Killer Queen svo fátt eitt sé nefnt af því sem framundan er. Við höfum líka hug á að endurvekja kvikmyndasýningar fyrir börn á völdum sunnudögum og einnig að fá leyfi til að sýna gamlar myndir sem

sýndar voru fyrir fullu húsi í gamla daga. Í byrjun næsta árs tökum við í gagnið nýjan búnað sem gerir það kleift.“

Hver er framtíðarsýnin fyrir Bæjarbíó?

„Stefnan er að auka enn frekar framboð menningarviðburða í húsinu. Einnig hefur bærinn verið öflugur að koma inn með viðburði á sínum vegum og viljum við veg þess sem mestan í framtíðinni. Framundan eru framkvæmdir um aukin fjölda salerna og standsetningu salernis fyrir fatlaða og er það okkar stærsta framfaramál í húsinu. Við aukum svo rými í anddyrinu og leyfum fólki að fylgjast með öllu því sem við höfum upp á að bjóða og erum að gera hverju sinni. Áform eru um að opna nýja heimasíðu 15. febrúar á næsta ári og er nú þegar farin af stað metnaðarfull vinna í kringum það verkefni.“

Uppbygging og framþróun á höfninni

Jákvæð þróun á rekstri hafnarinnar og mikil uppbygging hefur verið á hafnar-svæðinu á kjörtímabilinu. Tekjur hafnarinnar hafa aukist um 200 milljónir eða um 50% og eru áætlaðar á næsta ári 624 milljónir króna. Staða hafnarinnar er góð og er áætlað að framkvæmdalán hafnarinnar verði upp greidd að fullu á næstu tveimur árum.

Auknar tekjur

Ný og glæsileg frystigeymsla Eimskips var tekin í notkun á árinu 2015, með tilkomu frystigeymslunnar hefur orðið veruleg aukning á komum úthafstogara sem hefur gefið höfninni auknar tekjur, auk þess sem sala lóða tók kipp eftir langt hlé. Áætlað er að Hafrannsóknarstofnun flytji

starfsemi sína að Fornubúðum 5 á árinu 2019 og nýr hafnarbakki fyrir skip Hafró mun rísa á næsta ári.

Auglýst verður samkeppni um skipulag Flensborgarhafnar í byrjun næsta árs, áætlað er að niðurstaða liggi fyrir á vormánuðum. Framundan eru spennandi tím- ar uppbyggingar og framþróunar á hafnar-svæðinu.

Unnur Lára Bryde formaður hafnarstjórnar á 1500. fundi stjórnarinnar fyrr á árinu.



Viðtal við Rósu Guðbjartsdóttur oddvita Sjálfstæðisflokksins

Góður árangur og bjart framundan í Hafnarfirði

mikilvægt að halda áfram á sömu braut ábyrgðar og uppbyggingar

Nú þegar áramót nálgast er tilefni til að fara yfir stöðuna í bænum okkar, hvað hefur áunnist á árinu og hvar liggja tækifærin til framtíðar? Hamar tók hús á Rósu Guðbjartsdóttur oddvita Sjálfstæðisflokksins og formanni bæjarráðs og fræðsluráðs og innti hana áhlits á stöðu mála.

„Við getum ekki verið annað en afar stolt af árangrinum“, segir Rósa, „og að staðið hefur verið við það sem lofað var í aðdraganda síðustu kosninga. Þá lögðum við Sjálfstæðismenn áherslu á að fjármál sveitarfélagsins yrðu endurskipulögð, skuldir greiddar niður og leitað yrdi leiða til að nýta skattfé betur en hafði verið gert. Það hefur tekist. Stór áfangi var í vor þegar bærinn losnaði undir sérstöku eftirliti eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þar sem skuldaviðmiðið er komið niður fyrir 150% mælikvarðann. Við höfum lagt áherslu á að greiða niður skuldir og engin ný lán hafa verið tekin í tvö ár, einungis framkvæmt fyrir eigin fé sveitarfélagsins. Þetta, auk þeirra hagræðingaraðgerða sem farið var í við upphaf kjörtímabilsins, er að skila sér beint til íbúanna. Áhersla er á að halda gjöldum og álögum í lágmarki, aukna þjónustu á ýmsum sviðum, átak í viðhaldi á eignum bæjarins og mörg ný verkefni eru farin af stað. Við höfum lækkað útsvar og er það nú í fyrsta sinn í tvo áratugi ekki í hæsta mögulega prósentuhlutfalli. Fasteignaskattar á íbúða- og atvinnuhúsnæði hafa lækkað verulega og vil ég benda sérstaklega á enn meiri lækkun á fasteignasköttum eldri borgara og öryrkja sem tekur gildi um áramótin. Í Hafnarfirði verður nú afsláttur af þeim gjöldum eins og hann gerist mestur hjá sveitarfélögum. Það hefur verið baráttumál eldri borgara í bænum í áraraðir að hækka afsláttinn og þykir mikilvægur liður í að gera eldri borgurum kleift að búa lengur í eigin húsnæði.“



Velferð og líðan barna í fyrirrúmi

Hverjar eru helstu áherslurnar í nýsamþykktri fjárhagsáætlun bæjarins?
„Ég myndi segja að áherslan er á uppbyggingu þjónustu og innviða sveitarfélagsins, einkum á sviði leik- og grunnskóla og fjölgun félagslegra íbúða. Verið er að ráðast í ýmsar aðgerðir sem efla eiga leik- og grunnskólastarf í bænum, meðal annars með fjölgun undirbúningstíma og yfirvinnustunda starfsfólks í leikskólum og reynt verður að koma til móts við mikið alag með því að fækka börnum í hópum, það er, að auka rými hvers og eins. Í leik- og grunnskólunum

verður umtalsvert auknu fé varið til viðhalds húsnæðis og skólalóða sem og endurnýjunar búnaðar innan skólanna. Sett verður fjármagn í C-hluta kjarasamnings kennara sem nýttist til þróunarstarfs og forystuhlutverka í ýmsum hópum innan þeirra raða. Hafnarfjörður er með þessu að sýna frumkvæði á meðal annarra sveitarfélaga, en kennarar hafa kallað eftir því að tekið sé tillit til þessa ákvæðis í samningum þeirra. Einnig er tekið faglegt og nýstárlegt frumkvæði í því að auka verulega samstarf milli fjölskyldu- og fræðslusviðs þegar að hagsmunum barna og ungmenna kemur. Markmiðið er að styðja við fjölskyldur, greina vanda barna og

grípa inn í sem fyrst áður en málin þróast til verri vegar. Þetta er það sem kallað er eftir í skólum landsins, það er að þverfaglega og með nýrri nálgun sé tekið á málum barns þar sem líkur eru á að erfiðleikar geti vaxið. Félagsráðgjöf hefur til dæmis vantað inn í skólana, og þurfa kerfin „að tala meira saman“, – félagsþjónustan og skólarnir en líðan og velferð barnanna okkar verður að vera í fyrirrúmi. Þá er einnig mjög ánægjulegt að á næsta ári verður hálfum milljarði króna varið til kaupa á félagslegu húsnæði sem mikil þörf hefur verið á í langan tíma. Á kjörtímabilinu hefur þeim eignum verið fjölgað talsvert og er gert ráð fyrir að á næstu árum verði haldið áfram á sömu braut.“ segir Rósa.

Í Hafnarfirði eru tækifærin fyrir hendi

Hvaða uppbygging mannvirkja er framundan í sveitarfélaginu?

„Í stóru og vaxandi bæjarfélagi eins og Hafnarfirði þarf eðlileg uppbygging að eiga sér stað af hálfu bæjarins og ber þar helst að nefna nýjan skóla í Skarðshlíð, viðbyggingu við hjúkrunarheimilið Sólvangi, Ásvallabraut og íþróttamannvirki á Ásvöllum og Kaplakrika. En ekki síður er ánægjulegt að sjá hve mikil eftirspurn er eftir atvinnulóðum og eignum við eftir að sjá fjölmörg öflug fyrirtæki af ýmsu tagi hefja hér starfsemi á næstu misserum. Eftirspurn eftir íbúðalóðum gefur líka til kynna að fólk vill byggja upp framtíð sína og fjölskyldunnar í bænum og hefur íbúafjölgun verið hraðari en spár gerðu ráð fyrir. Í Hafnarfirði eru tækifærin fyrir hendi, á besta stað á höfuðborgarsvæðinu.“

En framundan eru hátíðirnar og þá er um að gera að njóta hvíldar og búa til fallegar minningar. Ég óska Hafnfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, um leið og ég þakka ánægjulegar stundir á árinu sem er að líða.“

Jólagleði Sjálfstæðisflokksins



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-iðnaðar- og nýsköpunarráðherra var heiðursgestur á Jólagleði Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði á dögunum og flutti hún gestum hugljúft ávarp í tilefni af komu jólaanna. Guðmundur H. Garðarsson fyrrverandi alþingismaður kynnti nýttkomna endurminningabók sína „Maður nýrra tíma“. Þar fjallar hann meðal annars um uppvaxtaárin í Hafnarfirði og rifjar upp margar skemmtilegar sögur. Hér eru þau með Sigrúnu Ósk Ingadóttur Vorboðakonu.



Sigurgeir Jónasson og Björn Jón Bragason höfundur bókarinnar „Maður nýrra tíma“ gæddu sér á ljúffengum jólaveitingum.



Lovisa Árnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Jón Gunnarsson, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, Guðbjörg Oddný Jónsdóttir og Kristín Thoroddsen skemmtu sér vel.



Helga Ingólfssdóttir, Guðmundur Jónsson og Ingi Tómasson létu sig ekki vanta.



Erla Halldórsdóttir og Sigrún Ósk Ingadóttir tryggðu sér eintök af þessari stórskemmtilegu bók.



Sigurgeir Jónasson, Jón Albert Marinósson og Margrét Lovísa Jónsdóttir.



Kristján Jónas Svavarsson, Lára Árnadóttir og Guðmundur Ómar Erlingsson.



Ingi Tómasson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þórdís Kolbrún og Kristinn Andersen.



Andri Dan Róbertsson, Svanþór Eyþórsson, Kristján Jónas Svavarsson, Guðmundur Sigurðsson og Bergur Þorri Benjamínsson voru í jólagírnum.



Tinna Hallbergisdóttir, Guðvarður Ólafsson og Andri Dan Róbertsson.

Girnilegir hátíðarréttir



Margir halda fast í hefðir þegar að jólamatnum kemur á meðan aðrir vilja gjarnan breyta til á milli ára. Það er alltaf gaman að fá góðar hugmyndir og uppskriftir frá öðrum til að spreyta sig á. Hamar leitaði til tveggja hafnfirskra eðlalkokka og falaðist eftir spennandi tillögum að hátíðarmat. Maturinn sem Jón Örn Stefánsson í Kjötkompaníi reiðir fram í verslun sinni og veisluþjónustu er fyrir löngu orðinn rómður í Hafnarfirði og víðar. Sjálfur segist hann njóta þess að elda fyrir fjölskylduna yfir hátíðirnar þótt matargerðin hafi tekið mestan hans tíma og vinnudagarnir óneitanlega verið langir í aðdraganda jóla.

Nautalund Wellington með villisveppasósu

fyrir 6-8 manns.

Hráefni:

1,4 kg nautalund
smjördeig
olía (til steikingar)
1000 g sveppir, saxaðir
3 dl saxaður skalottlaukur
250 ml púrtvín
sjávarsalt og nýmalaður pipar
2 egg (til penslunar)
3 msk. ólífuolía
1 stk. hvítlaugsgeiri
6 sneiðar skinka
einn stilkur ferskt timjan
½ til 1 dl ljóst rasp

Aðferð:

Byrjið á því að steikja sveppina á pönnu í 3-4 mínútur, setjið þá laukinn og hvítlaukinn saman við og steikið áfram í nokkrar mínútur, hellið þá púrtvíni á pönnuna og sjóðið vel niður að lokum bætið raspi saman við og kryddið til, kælið síðan. Steikið nautalundina vel á öllum hliðum kryddið með sjávarsalti og nýmöluðum pipar og kælið. Takið smjördeigið og fletjið það út í hæfilega þykkt, smyrjið sveppamauki á miðju deigsins og leggið lundina ofan á, setjið sveppamauk þar ofan á og pakkjið síðan lundinni inn í deigið, penslið samskeyti með eggjum. Penslið allt deigið með eggjum og bakið í ofni við 190 – 200 °C í 20 – 30 mín eða með kjarnhitamæli í 52°C



í kjarna. Látið síðan standa í ca 10 mínútur áður enn skorið er.

Villisveppasósa

Hráefni:

20 gr villisveppir, þurrkaðir
350 ml vatn (heitt)
500 ml rjómi eða matreiðslurjómi
30 g smjör
ferskt timjan (bara lítið)
1 stk. laukur saxaður
sjávarsalt og nýmalaður pipar
nautakjötskraftur

Aðferð:

Sveppirnir eru settir í skál og heitu vatni hellt yfir, látið standa í ca hálf-tíma síðan er vatninu hellt af sveppunum og vatnið er geymt en sveppirnir eru saxaðir gróft. Smjörrið er hitað á pönnu, laukurinn settur á pönnuna og látinn krauma í ca 3-4 mínútur, sveppunum bætt saman við, kryddað með sjávarsalti, fersku timjan, nýmöluðum pipar og kjötkrafti síðan er rjómanum bætt saman við og látið sjóða í ca 10-15 mínútur.



Einar Hjaltason matreiðslumaður hefur slegið ræki-lega í gegn á veitingastaðnum sínum og eiginkonunnar Kristjönu Þuru, VON mathús & bar á Strandgötu 75 en staðurinn fagnar tveggja ára afmæli nú í desember. Viðtökur veitingastaðarins hafa allt frá opnun verið fádæma góðar og staðurinn fengið afar góð ummæli matargagnrýnenda og annarra, ekki síst fastagestanna. Frumlegheit, ferskleiki og gæði einkennir matreiðsluna og umhverfið er einstakt, jafnt innan sem utan dyra. Sjálf segjast þau mjög þakklát fyrir frábærar viðtökur í bænum en þau eru ungt fjölskyldufólk að stíga sín fyrstu skref í eigin rekstri.

Hrísgrjóna crème brulee með möndlum og hafþyrnisberjum

fyrir 4-6 manns.

Hráefni:

250 ml mjólk
500 ml rjómi
40 g hrísgrjón, basmati
190 g sykur
250 g eggjarauður
100 g hrásykur
möndlur
hafþyrnisber, eða önnur ber að eigin vali

Aðferð:


Blanda saman í pott mjólk, rjóma, sykri og hrísgrjónum og sjóðið þar til hrísgrjónin eru orðin mjúk. Mikilvægt er að sjóða ekki á of háum hita eða of lengi svo ekki verði mikil uppgufun. Næst eru hrísgrjónin sigtuð frá, en má einnig sleppa því. Þá þarf að passa að hrísgrjónin séu alveg elduð og mjúk. Því næst er rjóma-blöndunni blandað varlega við eggjarauðurnar og þeytt á sama tíma. Blandan er sett í pott, á lágan hita,



með sleikju og strjúka þarf botninn á pottinum meðan. Með því að gera þetta er verið að þykkja blönduna, svo hún taki styttri tíma og minnka þá líkur á mistökum. Þegar blandan er orðin aðeins þykkari og heit, er hún sett í eldföst form og bakað í vatnsbaði á 160 gráðum,

í ca 30 mín eða þar til búðingur er tilbúinn. Gott er að kæla í að minnsta kosti klukkutíma áður en hrásykur er settur yfir og brenndur með gasbrennara. Borið fram með söxuðum möndlum og berjum að smekk.

Hafnfirðingar í jólabókaflóðinu




Nokkrir Hafnfirðingar eiga bækur í jólabókaflóðinu í ár eins og oft áður. Á meðal þeirra er Sigríður Erla Viðarsdóttir 33 ára gömul, viðskiptafræðingur og meistaranemi í ritstjórn og útgáfu. Hún er gift tveggja barna móðir og hefur nýlega stofnað bókaútgáfuna „Orrusta“. Að þessu sinni gefur hún út tvær erlendar bækur fyrir börn á aldrinum 3-9 ára, „Imagine - Að hugsa sér“ og „Það er tígrisdýr í garðinum“.



Fá börnin til að hugsa um frið

„Ég tók þátt í útgáfu bókarinnar „Í hverju ertu“, smásagna- og ljóðabók sem við gáfum út saman nokkur úr ritlistinni og ritstjórninni í skólanum núna í vor. Sú vinna kveikti áhuga hjá mér til að láta verða af því að gefa út bækur sjálf en það hafði blundað í mér í einhvern tíma,“ segir Sigríður Erla aðspurð um tilurð bókaútgáfunnar. „Ég las allt sem ég komst yfir sem barn og hef lengi haft áhuga á barnabókum. Sérstaklega eftir að ég varð sjálf móðir. Bækurnar eru tiltölulega nýkomnar út en hafa báðar fengið góðar viðtökur. Uppistaðan í „Imagine - Að hugsa sér“ er texti John Lennon við lagið „Imagine“. Í bókinni fá íslensk börn,

á öllum aldri, tækifæri til að kynnst textanum í undurfagurri þýðingu Þórarins Eldjárns. Boðskap textans er miðlað til lesenda í gegnum myndmál bókarinnar eftir franska listamanninn Jean Jullien. Lestur bókarinnar veitir foreldrum, kennurum og öðrum tilvalið tækifæri til að setjast niður með börnunum sínum og velta fyrir sér hugtakinu friður. Hvað er friður og af hverju er hann mikilvægur? Hvers vegna virðist oft vera erfitt að halda frið og hvað við getum lagt af mörkum, til þess að gera heiminn að griðastað? Bókin er gefin út í samstarfi við Íslandsdeild Amnesty og er hluti af lokaverkefni mínu í MA námi í Hag-nýtri ritstjórn og útgáfu í Háskóla Íslands.“



Hin bók „Það er tígrisdýr í garðinum“ eftir Lizzy Stewart í þýðingu Herdísar M. Hübner er dásamlega skemmtileg og fallega myndskreytt bók um hana Nóru sem er í pössun hjá ömmu sinni. Henni leiðist svo að amma hennar hvetur hana til að fara út í garð að skoða sig um. Við fyrstu sýn virðist ekkert í garðinum vekja áhuga Nóru en það á eftir að breytast. Það sem heillaði mig við þessa bók fyrir utan fallegu myndirnar er að sagan fjallar um ímyndunaraflið. Umræðan um að ímyndunaraflið eigi undir högg að sækja hjá börnum sem alast upp í dag í kringum alla spennandi tæknina sem er í boði hefur ekki farið framhjá mér frekar en öðrum foreldrum ungra barna. Mér finnst þessi saga því tilvalin til þess að hvetja börn áfram í ímyndunarleikjum. Til dæmis liggja allir appelsínugulir kettir sem verða á vegi minna barna eftir að ég las söguna fyrir þau undir grun um að vera tígrisdýr.“

Lífsblóm Sigurðar Halls

Sigurður Hallur Stefánsson fyrrum héraðsdómari er fæddur og upp-alinn í Hafnarfirði og því gaflari í húð og hár. Hann gefur út sína fyrstu bók Lífsblóm sem er safn ljóða og kjarnyrða. Í bókinni er að finna úrval skáldskapar Sigurðar Halls allt frá því á sjötta áratug síðustu aldar eða þegar hann var í menntaskóla. Alls eru í bókinni 160 kjarnyrði eða spak-mæli sem Sigurður hefur samið um ævina og felst í skrifum hans mikil

lífsspeki og djúpur skilningur dómarsins á gangverki tilverunnar. Bókin er tileinkuð minningu sonar hans Eyjólfis Rúnars sem lést árið 2012.

Hamar fékk leyfi til að birta eftirfarandi kvæði og kjarnyrði úr bókinni:

Sköpun

*Söngurinn, sem ég
syng fyrir þig,
kveðinn var forðum
fyrir mig.*

*Lagstúfur héðan,
ljóð handan að,
orð sem mig hæfðu
í hjartastað.*

*Allt þetta gef ég
aftur frá mér
í framrétta, opna
arma þér.*

Kjarnyrði

Barátta er eina leiðin að friði.

-- + --

*Ef þú eltist við hamingjuna er hætt
við að þið farið á mis.*

-- + --

*Oft sakna menn þess sem var ekki,
hafa áhyggjur af því sem er ekki og
óttast það sem ólíklegast verður.*

Dvergurinn við Lækinn

Nær fimmtíu ára sögu byggingarinnar við Lækjargötu, sem jafnan hefur verið kennd við Dverg, lauk síðastliðið sumar. Vinnuvélar 21. aldarinnar voru mættar til leiks, bruddu steypu og beygðu járn, flokkuðu og förguðu - allt eftir þeim kúnstarinnar reglum sem nútíminn setur. Kristinn Andersen bæjarfulltrúi, sem býr við Austurgötu gegnt Dverg, stiklar á sögu hússins sem nú er horfið og reifar ný tækifæri á þeim fallega reit sem þar hefur opnast.

Lengi hafði staðið til að húsið viki og fyrir lá samþykkt bæjarstjórnar þess efnis frá háttíðarfundi 1. júní 2008, á hundrað ára afmælisári bæjarins. Dvergur stóð þó sem fastast þar til núverandi bæjarstjórn náði að ljúka samningum við aðra eigendur hússins og að fjármagna verkið, fyrr á þessu ári. Jafnframt var tækifærið notað til að taka upp lagnir sem lágu undir Lækjargötu og orðið var tímabært að endurnýja.

Trésmiðjan Dvergur

Trésmiðjan Dvergur var stofnuð árið 1911 og starfaði í steinsteyptu húsi sem Jóhannes Reykdal hafði reist árið 1903 við Hamarskotslæk, sem í daglegu tali er kallaður Lækurinn í Hafnarfirði. Þar hafði Jóhannes stofnað fyrstu rafveituna á Íslandi árið 1904 og um hana stendur núna minnismerki á Grundartúni, á horni Lækjargötu og Austurgötu. Þetta fyrsta húsnæði Dvergs og athafnasvæði fyrirtækisins stóð þar sem Lækjargatan liggur núna. Fleiri byggingar bættust við á athafnasvæðinu og fyrirtækið stundaði blómlega starfsemi sem trésmiðja, með rekstur byggingarvöruverslunar og um tíma húsabyggingar. Árið 1959 var reist byggingin sem á síðustu árum gekk undir heitinu Dvergur og vék nú á síðastliðnu sumri. Að því kom um 1965 að Hafnarfjarðarbær tók yfir eldri byggingarnar til niðurrifs, starfsemi trésmiðjunnar fór þaðan og Lækjargatan í núverandi mynd var lögð meðfram Læknum. Enn stóð þó byggingin sem kennd var við Dverg, en hún átti eftir að gegna ýmsum hlutverkum í bænum.

Fjölnotahúsið Dvergur

Eftir daga trésmiðjunnar í Dverg gegndi húsið ýmsum hlutverkum sem margir Hafnfirðingar minnst enn og hér eru aðeins nokkur nefnd. Um tíma nýtti Flensborgarskóli húsið þegar skólastarfið sprengdi af sér húsnæði skólans. Víðistaðaskóli nýtti hluta húsnæðisins í Dverg á áttunda áratug sl. aldar og Lækjarskóli nýtti aðstöðu þar um tíma, m.a. fyrir frístundastarf eftir skóla. Þá má nefna starfsemi Héraðsdóms Reykjaness í húsinu, starf



Tillaga að nýrri byggð á reit Dvergs, sem fellur að útliti nærliggjandi húsa

námsflokka, tómstundaheimili, myndbandaleigu, vinnuaðstöðu listamanna, geymslur og síðast hafði víkingahópurinn Rimmugýgur þar aðstöðu til félagsstarfs.

Byggð sem hæfir bæjarmynd

Svæðið sem Dvergur stóð á er áberandi í hjarta Hafnarfjarðar og mikilvægt er að vel takist til um nýtingu þess. Haldin var samkeppni um framtíðarnýtingu svæðisins, þar sem hlutskörpust var tillaga undir heitinu Dvergshamar, sem fellur vel að umhverfi gamla bæjarins í Hafnarfirði og „gefur til kynna aðlaðandi og vandaða byggð“, eins og segir í umsögn matsnefndar. Unnið er að endanlegri tillögu að deiliskipulagi sem verður kynnt þegar hún liggur fyrir. Þótt vélarnar í Dverg séu þagnaðar við Lækinn gengur gamli bærinn þar í endurnýjun lífdaga með íbúum og mannlífi nýrrar aldar.



Gamla hús Dvergs rífið niður, um 1965. Húsið stóð þar sem Lækjargata liggur núna og við hægri brún myndarinnar má sjá í vegg stóru byggingarinnar sem þá var nýleg en var fjarlægð sl. sumar. (Mynd frá Byggðasafni Hafnarfjarðar)



Sjálfstæðisfólk á sumardeg, með vinnuvélar að störfum við niðurbrot Dvergs í bakgrunni.



Dvergur og svæðið umhverfis húsið, sem nú hefur verið fjarlægt.

Helgihald í Hafnarfirði yfir hátíðarnar

Hafnarfjarðarkirkja

24. des.	aðfangadagur kl. 18:00	Aftansöngur
24. des.	aðfangadagur kl. 23:30	Miðnæturguðspjónusta
25. des.	jóladagur kl. 14:00	Hátíðarguðspjónusta
25. des.	jóladagur kl. 15:30	Guðspjónusta á Sólvangi
31. des.	gamlársdagur kl. 17:00	Guðspjónusta
1. jan.	nýársdagur kl. 14:00	Hátíðarguðspjónusta

Fríkirkjan í Hafnarfirði

24. des.	aðfangadagur kl. 18:00	Aftansöngur
24. des.	aðfangadagur kl. 23:30	Jólasöngvar á jólanótt
25. des.	jóladagur kl. 14:00	Hátíðar- og fjölskylduguðspjónusta
31. des.	gamlársdagur kl. 18:00	Aftansöngur

Hrafnista

24. des.	aðfangadagur kl. 18:00	Hátíðarguðspjónusta
----------	------------------------	---------------------

Viðistaðakirkja

24. des.	aðfangadagur kl. 17:00	Aftansöngur
24. des.	aðfangadagur kl. 23:30	Miðnæturmessa
25. des.	jóladagur kl. 14:00	Hátíðarguðspjónusta
31. des.	gamlársdagur kl. 17:00	Helgistund

Ástjarnarkirkja

24. des.	aðfangadagur kl. 11:00	Fjölskylduguðspjónusta
24. des.	aðfangadagur kl. 18:00	Aftansöngur
25. des.	jóladagur kl. 14:00	Hátíðarguðspjónusta
26. des.	annar í jólum kl. 10:00	Skokkmessa Hauka
31. des.	gamlársdagur kl. 11:00	Messa

St. Jósefskirkja

22. des.	föstudagur kl. 19:00	Jólatónleikar
24. des.	aðfangadagur kl. 23:30	Messa
25. des.	jóladagur kl. 10:30	Jólamesa
26. des.	annar í jólum kl. 10:30	Messa
31. des.	gamlársdagur kl. 10:30	Hátíðarmessa
		Hátíð hinnar Heilögu Fjölskyldu
1. jan.	nýársdagur kl. 10:30	Hátíðarmessa
		Stórhátíð Heilagrar Guðsmóður

Bæjarhorn

Skipulagsmálin fjölmörg og fjölbreytt

Fjölbreytt og spennandi verkefni hafa verið á borði skipulagsráðs á kjörtímabilinu. Lóðir og byggingar Skarðs-hlíðar voru endurskipulagðar með það að leiðarljósi að skapa heildræna byggð með fjölbreyttar íbúðir og vist-væn svæði, unnið er nú að endurskipulagningu 3. áfanga. Dvergsreitirinn er í skipulagsferli, búið er að rífa Dverg og munu þar rísa hús sem falla að aðliggjandi byggð. Skipulag Kaldárselsvegna hefur verið samþykkt og skipulagsferli Ásvallabrautar er að ljúka. Ólafur Ingi Tómasson formaður Skipulags- og byggingarráðs segir ekkert lát á stórum og spennandi verkefnum. Má þar nefna að í byrjun árs verður efnt til samkeppni um nýtt miðbæjarskipulag og skipulag vegna Borgarlínu er í ferli. Einnig sé unnið að endurskipulagningu á iðnaðarsvæðinu „Hraun -vestur“ þar sem verður blönduð byggð íbúða og þjónustu.

Styrkir auknir til menningar og lista

Það hefur verið mikil gróska í menningarlífinu í Hafnarfirði undanfarin ár og má gera ráð fyrir að það eflist og styrkist enn frekar á komandi misserum og árum. Öflugt menningar- og listalíf er grunnur að góðu samfélagi og að því viljum við öll stuðla. Bæjarbíó hefur sannað gildi sitt sem menningarhús, Gaflaraleikhúsið og fleiri hópar hafa unnið frábært starf sem miðar að því að gera gott bæjarfélag enn betra. Í nýsamþykktari fjárhagsáætlun var fjármagni til stuðnings menningar og lista aukið og á næsta ári verður úthlutað menningarstyrkjum tvisvar í stað einu sinni eins og verið hefur. Að sögn Kristínar Thoroddsen formanns menningar- og ferðamálanefndar er það mikilvæg breyting og styrkir menningar- og listalíf bæjarins til mikilla muna, og eykur á fjölbreytni í þeim efnunum. Það er því ástæða til að hlakka til komandi árs og ára í menningarlífi Hafnarfjarðar.



Sólvangur, hjúkrunarheimili þá og nú

Saga Sólvangs er samofin sögu Hafnarfjarðarbæjar og er framtíðaruppbygging á Sólvangssvæðinu nú í fullum gangi. Helga Ingólfssdóttir bæjarfulltrúi fer hér yfir aðdraganda þess að heimilið var reist á sínum tíma og helstu atriði í þróun þess í gegnum árin.



Svona mun Sólvangur líta út þegar framkvæmdum við nýbygginguna verður lokið.

Í Hafnarfirði var fyrst farið að orða stofnun elliheimilis í bænum árið 1929 en vegna breyttra þjóðfélags-hátta var komin krafa um að reisa elliheimili á öllum helstu þéttbýlisstöðum á landinu. Lítið gerðist þó í elliheimilismálum í Hafnarfirði fyrr en 1932 að fátækraneftnd var falið að kanna hvort koma mætti á fót elliheimili á Óseyri en það þótti eftir skoðun ekki hagkvæmur kostur. Hins vegar lagði nefndi til að reynt yrði að koma fyrir í Hafnarfirði þeim öldruðu Hafnarfirðingum sem dvöldu á hjúkrunarheimilinu Grund en með lægra meðlagi en þangað var greitt.

Vorið 1935 var enn farið að athuga með stofnun elliheimilis í bænum og þá bauð Hjalpræðisherinn fram Austurgötu 24 með hagkvæmum skilmálum fyrir elliheimili og almenningsmötuneyti og hófst starfsemi þar haustið 1935.

Brýn þörf á heimili fyrir einstæðinga

Megintilgangur með stofnun elliheimilis var að reyna að draga úr kostnaði af framfærslumálum og laut heimilið stjórn fátækraneftndar. Hafnarfjörður varð þannig annað bæjarfélagið á Íslandi til að hefja rekstur elliheimilis. 30-35 vistmenn voru að jafnaði á heimilinu og bætti það úr brýnni þörf þeirra sem áttu fáa eða enga að.

Á fundi bæjarráðs í júlí 1944 var

lagt til að ráðist yrði í byggingu elliheimilis og sú hugmynd kom fram að byggingin yrði myndarleg og myndi skiptast í elliheimili, sjúkra-deild og fæðingardeild. Í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar hafði hagur Hafnarfjarðarbæjar batnað mikið og því sáu menn sér fært að ráðast í svo kostnaðarsamt verkefni. Smíðin hófst svo síðari hluta árs 1946 og var fjármögnuð með hagnaði af rekstri Bæjarbíós og fjárfram-lögum úr bæjarsjóði en bæjarsjóður ákvað að reisa og reka kvikmynda-hús í bænum m.a. í þeim tilgangi að afla fjár til byggingarinnar og gerður var samningur við ríkið um að þetta kvikmyndahús væri undanþegið skemmtanaskatti sem var 25% af miðaverði. Einnig voru tekin lán, meðal annars frá Þýskalandi sem Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri Grundar í Reykjavík hafði milligöngu um að útvega.

Haustið 1952 viðurkenndi heilbrigðisráðuneytið bygginguna sem hjúkrunarheimili og greiddi þar með 40% af stofnkostnaði við bygginguna. Elli- og hjúkrunarheimilið hlaut nafnið Sólvangur og var vígt þann 25. október 1953. Fyrsti forstjóri Sólvangs var Guðmundur Gissurarson og Þorbjörg Einarsdóttir var ráðin fyrsta hjúkrunarkonan. Á Sólvangi var rekin elli-, hjúkrunar- og fæðingardeild allt til ársins 1976 en þá var fæðingar-deildinni lokað og eftir það hefur Sólvangur verið rekin sem hjúkrunarheimili.



Elli- og hjúkrunarheimilið Sólvangur, ljósmynd frá fyrstu starfsárum heimilisins eða upp úr 1953.



Starfsmenn á Sólvangi fá sér kaffisopa. Myndin tekin í kringum 1965.



Bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Kristinn Óskar Guðmundsson (1966 - 1979) færir nýbakaðri móður blómvönd. Myndin er tekin á fæðingardeildinni á Sólvangi. Faðirinn stendur við rúmið með 5 börnum sínum, og það 6. er í faðmi móðurinnar. Myndin tekin 1971.

Nýtt hjúkrunarheimili rís á Sólvangsreitnum

22. júní 2015 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að hefja byggingu á nýju hjúkrunarheimili á Sólvangsreitnum og fyrsta skóflustunga var tekin á vorið 2016. Framkvæmdir eru nú í fullum gangi og reiknað er með að fyrstu heimilismenn flytji inn haustið 2018. Við-

ræður eru í gangi við heilbrigðisráðuneytið um að eldra húsið verði áfram nýtt undir hjúkrunarrými og öldrunarþjónustu. Tillaga Hafnarfjarðarbæjar til heilbrigðisráðuneytisins er að ráðast í endurbætur á eldra húsi og þar muni verða hjúkrunarrými á efri hæðum en á jarðhæð verði þjónustumiðstöð með dagdvöl og annarri stoðþjónustu.

Svíf þú inn í svefninn á springdýnu frá RB rúm



Ný sending af sælurúmum

Jóla-
ilmurinn
frá
Mysenso



Jólailmurinn
frá
Crabtree
& Evelyn



Opnunartími
fram að
jólum 9-18.
Laugardaga
10-16.
Sunnudaga
13-16.

RB RÚM

DALSHRAUNI 8 | HAFNARFIRÐI | SÍMI 555-0397
RBRUM@RBRUM.IS | WWW.RBRUM.IS